

20. september 2019.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Verklagsreglur um skólavist grunnskólabarna í Hafnarfirði, mál 1806328

Skólavistarreglur hafa verið í gildi í grunnskólum Hafnarfjarðar frá byrjun árs 2019. Tilfni þessa minnisblaðs er þó hvort nauðsyn sé að endurskoða eða uppfæra reglurnar út frá nýjum sjónarmiðum sem komin eru fram í umsóknum til bæjaryfirvalda sem ekki er tekið á í reglunum. Þetta eru alla vega þrjú atriði, jafnvel fleiri, sem koma hér til álita. Þau eru reifuð hér stuttlega áfram.

1 Óskir um deilda skólavist grunnskólabarna

Íslendingar, þar með talin börn, geta aðeins haft eitt lögheimili á landinu samkvæmt lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 88/2018. Búi foreldrar ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands, val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 er öllum börnum, að jafnaði, skylt að sækja grunnskóla, á aldrinum 6-16 ára. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna skulu foreldrar gæta hagsmuna barna á skólaskyldaldri. Sveitarfélögum er skylt, með vísan til 3. mgr. 5. gr. laganna, að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Barn á skólaskyldum aldri getur þó í einstaka tilvikum stundað nám við skóla sem er utan þess sveitarfélags þar sem það á lögheimili en þó gengur barn einungis í einn grunnskóla í senn. Er það í samræmi við ákvæði 1. mgr. 28. gr. a. barnalaga, nr. 76/2003. Í greinargerð með því frumvarpi sem mælti fyrir um breytingu á barnalögum 2012, þegar ákvæðið kom inn í lögina sagði um börn á skólaaldri:

„Börn á aldrinum 9–12 ára ráða við aukna ábyrgð í samskiptum, sem helst í hendur við vitsmunaprofka, og þau hafa oft þróaðar skipulagshugmyndir, siðferðisprofka og sterka réttlætiskennnd. Þau hafa líka meiri getu til að tjá sig um hvað þeim líkar og mislíkar heldur en yngri börn. Til þess að mikil umgengni hafi farsæl áhrif á þroska barns, sérstaklega á grunnskólaaldri, þarf þó að huga vel að ýmsum skilyrðum, svo sem nálægð í búsetu, *að barn gangi í einn skóla* [leturbreyting í minnisblaðinu], samfellu í vinatengslum og félagsstarfi og samstarfi eða samskiptum foreldra.“

Ákvæði 28. gr. a. barnalaga tekur því af skarið um að undir afgerandi ákvarðanir lögheimilisforeldris, falli m.a. ákvarðanir um hvar barn skuli eiga lögheimili innanlands og um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu:

■ [28. gr. a. *Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár.*

□ Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tólmstundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta.

Sveitarfélögin hafa margháttaðum skyldum að gegna. Sú þjónusta sem sveitarfélögin inna af hendi er annars vegar lögbundin og hins vegar hafa sveitarfélögin á grundvelli 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 töluvert svigrúm til að veita íbúum sínum ólögbundna þjónustu, enda sé þá um að ræða verkefni sem varða íbúa þeirra og það ekki falið öðrum til úrlausnar lögum samkvæmt. Þess ber hins vegar að geta að rekstur almennra grunnskóla er á byrgð og kostnað sveitarfélaga og þessu tengt, þá má einnig benda á að þjónusta sveitarfélaga skv. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 miðast við í hvaða sveitarfélagi íbúi á lögheimili.

Um málið hefur líka verið fjallað í sérstakri skýrslu á vegum innanríkisráðherra frá 2015, sem nefnist [Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum](#) sem lögð var fram á 145. löggjafarþingi Alþingis. Það er meginsjónarmið skýrsluhöfunda að þrátt fyrir sameiginlega forsjá foreldra skuli barn eiga eitt lögheimili og ganga í einn skóla. Eða eins og segir í skýrslunni:

Í almennum athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að fyrrgreindum lögum, kemur fram að við mat á því hvort úrskurða eða dæma eigi jafna umgengni beri að taka sérstakt mið af því sem talin hafa verið skilyrði fyrir farsælli jafnri umgengni, þ.e. að barn hafi að jafnaði náð tilteknum aldri, *að barn gangi í einn skóla* [leturbreyting minnisblaðs] nálægð heimila, samfellu í félagsstarfi og vinatengslum barns, vilja barns og síðast en ekki síst persónulegum eiginleikum foreldra og getu þeirra til að tryggja að ágreiningur eða samskipti þeirra komi ekki í veg fyrir, hindri eða dragi úr möguleikum barns til að alast upp við bestu þroskavænlegu skilyrðin. Jöfn umgengni geri þannig miklar kröfur til samvinnu foreldra og kemur því ekki til álita þegar samstarfsgrundvöllur er alls ekki fyrir hendi. (bls. 18-19)

Nálægð heimila

Skilyrði fyrir skiptri búsetu er að foreldrar búi nálægt hvort öðru, í sama eða aðliggjandi skólahverfi, hvort sem um er að ræða sama sveitarfélag eða ekki. Þá er mikilvægt, að mati starfshópsins, *að barn sé einungis í einum leikskóla og sækir einn grunnskóla* [leturbreyting minnisblaðs]. Einnig að barnið geti sótt skóla frá báðum heimilum, tekið þátt í frístundastarfi og átt samskipti við vini. (bls. 77)

Á 150. löggjafarþingi Alþingis starfsárið 2019-2020 er að finna sem 11. mál í þingmálaskrá dómsmálaráðherra, [frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, og fleiri lögum \(skipt búseta barna\) sem fyrirhugað er að leggja fram á yfirstandandi þingi. Frumvarpið var sett í samráð á síðasta löggjafarþingi í samráðsgátt stjórnarráðsins 21. febrúar 2019 til 4. mars 2019.](#)¹ Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu snúa að því að lögfesta ákvæði um heimild foreldra til þess að semja um skipta búsetu barns og umfangsmiklar breytingar á ákvæðum laganna um framfærslu barns og meðlag. Samningur

¹ Sjá frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 og fleiri lögum (skipt búseta og meðlag): <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/SCases/Details/?id=1312>

foreldra um skipta búsetu er þó háð nokkrum skilyrðum, s.s. nálægð heimila. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að barn gangi einungis í einn leikskóla og einn grunnskóla, sbr. umfjöllun á bls. 2 í frumvarpinu:

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman, geta samið um að barnið skuli eiga fasta búsetu hjá þeim báðum. Forsendur þess að semja um skipta búsetu barns eru þær að foreldrar geti átt virkt samstarf um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins. Enn fremur að búsetu foreldra sé þannig háttað að barnið sækji einn skóla eða leikskóla og eigi frjálstan og greiðan aðgang að samfelldu tólmstundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum.

Þess ber þó að geta að þingmannafrumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi um [breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum](#), 25. mál. Frumvarpið gerði ráð fyrir tvöfaldri lögheimilisskráningu barna og þar af leiðandi tvöfaldri skólavist barns. Málið gekk til allsherjar- og menntamálanefndar en hlaut ekki áframhaldandi afgreiðslu þar. Samband íslenskra sveitarfélaga ritaði [umsögn](#) þar sem frumvarpinu var hafnað.

Hafnarfjarðarbæ hefur nú borist beiðnir um tvöfalda eða deilda skólavist barna. Það felur þá í sér að barn geti verið í tveimur grunnskólum á sama tíma. Erindi geta ýmist verið að barn sækji sitt skyldunám innan lögheimilissveitarfélags, en einnig öfugt. Umræddar beiðnir frá foreldrum byggja á því að þeir fari með sameiginlega forsjá og að barn búi á tveimur heimilum til skiptis. Lögin kveða hins vegar á um að barn sækji einn skóla þótt búseta sé skipt á milli forsjáraðila.

Rekstur grunnskóla er fjármagnsfrekasti málaflokkur sveitarfélaga. Að jafnaði á lögheimili að ráða skólavist barns, hvar foreldrar sem búa í sveitarfélaginu greiða sína skatta. Þegar barn sækir grunnskóla utan síns sveitarfélags fer um greiðslu skólakostnaðar samkvæmt [viðmiðunarreglum vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags ásamt gjaldskrá](#). Reglurnar taka ekki til skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaga þegar um er að ræða tvöfalda skólavist barna.

Niðurstaða: Ákvæði barnalaga kveða á um að barn gangi í einn skóla og sú ákvörðun komi í hlut lögheimilisforeldris. *Foreldrar verða að koma sér saman um hvernig sameiginleg forsjá er fylgt eftir. Nemendur með lögheimili í Hafnarfirði skulu aðeins vera í einum grunnskóla á hverjum tíma og allar óskir foreldra um deilda skólavist í grunnskóla skal hafnað. Þó ber að hafa í huga að samkvæmt skólavistarreglum bæjarins er möguleiki að vera í skóla utan lögheimilissveitarfélags ef það er mat foreldra að þess sé óskað og viðkomandi sveitarfélag samþykkir það – en samt aðeins í einum grunnskóla í einu og það sé ekki skipt um skóla innan skólaárs eða skólaára. Um slíkt er kveðið á í 5. mgr. 5. gr. grunnskólalaga: „Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.“*

2 Hafnirskir nemendur sem búa erlendis tímabundið en hafa ekki aðgang að skóla

Þá er komið á borð okkar erindi frá foreldrum sem eru með lögheimili í Hafnarfirði en búa erlendis um óákveðinn tíma. Barn þeirra hefur ekki fengið vist í skóla erlendis, sem getur tengst búsetu á Íslandi og jafnvel fleiri atriðum (ekki hægt að kaupa sig inn í einkaskóla sökum ónógrar tungumálhæfni barns t.d.).

Önnur eldri erindi hafa meira snúið að börnum sem eru á ferðalagi með foreldrum sínum á skólatíma sem getur numið allt að hálfu til heilu skólaári í einu.

Erindið snýr að því hvort barn sem ekki hefur fengið inn í grunnskóla erlendis, geti verið í heimakennslu á ábyrgð foreldra en séu áfram skráð í þann skóla sem það var í áður en það fór utan, enda lögheimili þá áfram í Hafnarfirði. Hér er ákveðinn misskilningur í gangi að slíkar umsóknir til bæjaryfirvalda snúi að heimakennslu þar sem slík erindi skal meðhöndla í samræmi við [reglugerð 531/2009 um heimakennslu á grunnskólastigi](#) sem fjallar um aðra þætti. Þar er heimakennsla skilgreind sem sjálfstæð kennsla heima, heimaskóli, með eigin námskrá án þátttöku grunnskóla á vegum bæjarins og sé sérstaklega samþykkt af viðkomandi sveitarfélagi. Í þessu tilviki snúa umsóknir ekki að sérstökum heimaskóla heldur því að barn fái að stunda nám við grunnskóla bæjarins án þess að þurfa að mæta í skólann, án þess að hafa ástundunarskyldu. Það þurfi ekki að sækja skóla en samt vera í skólanum og njóta þjónustu á borð við kennslubækur, aðgang að Mentor en hugsanlega án þess að taka próf eða geta fengið námsmat og vera án samskipta við aðra samnemendur. En foreldrar beri ábyrgð „á kennslunni“. Svo spurning er hér hver er ábyrgð sveitarfélags „á börnum sínum“ í tímabundinni útlandadvöl og hvort þau geti verið „í fjarnámi“ frá Íslandi, það er hafa takmarkaða eða enga skólaástundun, sækja kennsluefni og heimanám í gegnum samskiptabúnað skóla (þ.e. Mentor í tilviki grunnskóla Hafnarfjarðar) og fær námsmat frá skólanum með viðeigandi prófum og öðrum námsmatsverkefnum sem viðkomandi nemendur í skóla taka. Það litla sem segir í lögum um grunnskóla um „fjarnám“ í lögum er í lögum um grunnskóla frá 2008, ásamt skýringum með greininni í frumvarpinu með lögnum:

■ **26. gr. Val í námi.**

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

Í greinargerð með skýringum við ákvæði 26. gr. um val á námi segir svo: *Einnig er nýtt ákvæði um að hluti skyldunáms geti verið í fjarkennslu eða netnámi. Nokkur reynsla er af fjarkennslu á grunnskólastigi og hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þeim efnum. Hér gæti verið um að ræða nám í einstökum námsgreinum grunnskólans sem nemendur stunda að hluta heima eða jafnvel erlendis, ef þeir dvelja þar tímabundið. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi og þróun á þessu sviði er hröð.*

Ekki er hægt að segja að ráðuneytið hafi ákveðin sjónarmið skjalfest í þessum efnum, en þetta hefur nokkrum sinnum komið upp í ýmsu samhengi, m.a. út frá skyldum Íslands við nemendur sem eru í heimsreisum eða dvelja um hríð erlendis vegna vinnu. Ekki er skrifað inn í löggjöfina leiðbeiningar í þessum málum. Ráðuneytið hefur þó sagt að ef fólk flyst búferlum erlendis þá séu skyldur á búsetulandið að sjá um menntun barna á grunnskólaaldri, með sama hætti og Ísland sér um menntun innflytjenda hér á landi. Og sveitarfélögum beri ekki að greiða kostnað milli landa og ef óskað eftir því að íslenskt sveitarfélag kosti heimavist í útlöndum fyrir barn sem fer þangað í nám á grunnskólaaldri frá Íslandi er slíkt utan skyldna þeirra. Það er talið að ekki sé hægt að setja slíkar skyldur á íslensk sveitarfélög. Hins vegar má velta fyrir sér ábyrgð skólanefndar sveitarfélags þar sem vitneskja liggur fyrir um að barn sem er með skráð lögheimili í

viðkomandi sveitarfélagi er hvergi skráð í skóla og almennri fræðsluskyldu barnsins er þar með ekki uppfyllt.²

En þarna eru mörg grá svæði og ráðuneytinu er kunnugt um alls konar útfærslu á menntun barna sem dvelja skamman tíma í útlöndum. Almenna sjónarmiðið er að það sé viðkomandi sveitarfélag eða skóli að meta hvort hægt sé að verða við beiðnum um fjarnám frá grunnskóla. Blaðsíða | 5

Þá þarf að hafa í huga að lög um grunnskóla kveður á um undanþágur frá námi samanber 4. mgr. 17. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og kafla 16.8 í aðalnámskrá grunnskóla (2011). Slíka undanþágur lúta eingöngu að námi í einstaka námsgreinum (t.d. í dönsku fyrir tvítyngda nemendur svo þeir geti betur lært íslensku, undanþága frá sundi af því að vera í sundþjálfun hjá sundfélagi) og þá því ekki að vera í fjarnámi frá grunnskóla. Þó er í kafla 16.1 í aðalnámskránni opnað fyrir ákveðna möguleika um undanþágur frá skólasókn sem hér segir:

16.1 Undanþága frá skólasókn

Foreldrar skólaskylds barns geta sótt um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og þá er skólustjóra heimilt að veita slíka undanþágu í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Ekki eru settar í aðalnámskrá nákvæmar leiðbeiningar um hvað teljist gildar ástæður en í öllum tilvikum er ábyrgðin foreldra að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur. Gildar ástæður geta t.d. tengst þátttöku í landsliðsverkefnum á sviði íþróttá á unglingsstigi, æskulýðsstarfi, ferðalögum fjölskyldu og sjálfböðastarfi.

Niðurstaða: Meginregla er að ef barn flytur erlendis skal það sækja skóla erlendis og skyldur Hafnarfjarðar eru ekki til staðar, t.d. í eitt skólaár eða lengur, og skal flytja lögheimili sömuleiðis til að tryggja sér skólavist í viðkomandi landi. Í undantekningartilvikum getur grunnskóli veitt nemanda sem þegar er í grunnskóla í Hafnarfirði tímabundið leyfi til að vera í fjarnámi frá skóla og tímabundna undanþágu frá skólasókn ef skóli metur það svo að líklegt sé að nemandi og fjölskylda geti sinnt slíku, t.d. með sérstökum námsaðstæðum, sökum reynslu af námi þess hingað til, námsskipulagi sem viðkomandi fjölskylda leggur til og fleiri atriðum sem geta bent til þess að líklegt sé að fjölskylda geti fylgt slíku fjarnámi eftir með undanþágu frá skólasókn. Námi í slíkum tilvikum er alltaf á ábyrgð foreldra. Unnið verði sérstakt umsóknarblað fyrir umsóknir foreldra hér til leiðbeiningar sem miða að fjarnámi frá grunnskólum Hafnarfjarðar vegna tímabundinnar dvalar erlendis eða sérstakra aðstæðna um lengri tíma en nemur stuttum leyfisóskum vegna sumarfría.

3 Börn á Íslandi með ferðamannapassa en vilja komast í skóla með beðið er eftir landvistarleyfi

Það virðist vera aukning í fólksflutningum um heimsbyggðina, hverjar sem ástæður þess eru. Hluti þess er að fólk fer í leit að betra lífi, stundum á eigin vegum en stundum í samspili við aðila innan annarra landa.

² Foreldrar viðkomandi barns ábyrgð á að skráning í Þjóðskrá sé rétt. Þjóðskrá er heimilt að sekta fólk ef það stendur ekki rétt að skráningu. Ef foreldrar eru búsettir erlendis með barni sínu verða þeir að skrá lögheimili sitt þar. Frávik frá lögheimilisskráningu erlendis gildir einungis fyrir námsmenn sem dvelja tímabundið erlendis og geta þar með haldið lögheimili sínu hér á landi á meðan námi stendur og einnig þeir einstaklingar sem þurfa yfir lengri tíma að sækja sér nauðsynlega læknisaðstoð erlendis.

Nánast hver sem er getur komið til Íslands á vegabréfsáritun og dvalið á Íslandi sem ferðamaður. Allir þeir sem eru með ríkisborgararétt í löndum utan EES og EFTA og ætla að vera á Íslandi lengur en í þrjá mánuði þurfa að hafa dvalarleyfi hér á landi. Þá ber þess að geta að almennt þurfa erlendir ríkisborgara sem ætla að starfa á Íslandi atvinnuleyfi *áður* en þeir koma til landsins. Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara EES-landanna. Lögheimilisskráning á Íslandi getur því ekki átt sér stað meðan viðkomandi hefur ekki dvalarleyfi.

Beiðni hefur borist frá foreldri sem kom hingað til lands sem ferðamaður, að barn þess sem einnig kom til landsins sem ferðamaður, geti hafið strax nám í grunnskóla þar sem þess er vænst að það muni geta sest hér að. Samkvæmt reglum þarf bærinn ekki að samþykkja slíkt. En á móti koma sjónarmið frá Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna um að öll börn skuli eiga rétt á menntun. Málið gæti hins vegar horft öðruvísi við, sækji viðkomandi foreldri um alþjóðlega vernd á grundvelli þar tiltekinnna ákvæða útlendingalaga. Þeirri skyldu er hér vísað til sveitarfélaga með umræddu erindi, það er sveitarfélagið skal veita barninu menntun þar sem það býr í sveitarfélaginu þótt barn uppfylli engar forsendur sem lúta að réttindum til skólavistar í sveitarfélaginu. Umboðsmaður Alþingis hefur tjáð sig um málið á eftirfarandi hátt:

Hvað varðar sérstaklega þau börn erlendra launþega sem ekki falla undir ofangreind ákvæði EES réttar má ljóst vera að stjórnvöld hafa meira svigrúm til skýringa á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. Þó er rétt að minna á að í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að öllum skuli í lögum tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Að auki nýtur rétturinn til náms verndar 2. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er mælir fyrir um að engum manni skuli synjað um rétt til menntunar, sem og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í 28. gr. hans er m.a. mælt fyrir um að aðildarríkin skuldbindi sig til að koma á skyldu til grunnmenntunar er allir geti notið ókeypis og til að gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólavist og til draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Það er slíkum réttindum sammerkt að þau gilda almennt um alla einstaklinga sem eru á yfirráðasvæði ríkis. Þær aðstæður sköpuðust nú í haust að sökum tafa á veitingu dvalarleyfa hjá útlendingastofnun og skráningar lögheimilis hjá Þjóðskrá voru brögð að því að börn er biðu slíkrar skráningar fengju eigi inni í grunnskólum landsins þrátt fyrir að þau í reynd hefðu búsetu hér á landi. Þrátt fyrir að vera staðsett á íslensku yfirráðasvæði kann því staðan að vera sú að umrædd börn njóta ekki grunnmenntunar meðan þau bíða dvalarleyfis og úthlutunar kennitölu. Í þessu sambandi bendi ég einnig á að breytingum á ákvæðum grunnskólalaga, sbr. lög nr. 98/2006, er fela í sér að skyldur sveitarfélaga takmarkast við börn er hafa skráð lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, er ætlað að taka gildi 1. janúar 2007. Með vísan til framanritaðs fer ég að lokum þess á leit við yður að þér upplýsið mig um hvort nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að stuðla að skólagöngu erlendra barna er dveljast hér á landi að staðaldri meðan þau bíða útgáfu dvalarleyfis og skráningar lögheimilis.³

Svar umboðsmanns er frá því áður en núverandi lög um grunnskóla voru samþykkt (2008) og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi (2013) og telst hluti af íslenskri löggjöf í kjölfar þess. Í tilviki sem þessu er talið að barn eigi að njóta vafans í þessari stöðu og fái að ganga í skóla þar sem það býr meðan á landvistarumsókn stendur.

³ Álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1168/2008: (<https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/1168/skoda/mal/>)

Niðurstaða: Það er meginregla í lögum á Íslandi að barn skuli hafa lögheimili í sveitarfélagi til að sveitarfélag hafi lögbundnar skyldur til að veita því menntun. Sjónarmiðið er aðeins flóknara ef barn dvelst í sveitarfélagi en hefur ekki kennitöluskráningu til heimilisfestar. Þannig eru foreldrar á ferðinni í leit að dvalarleyfi sem getur tekið nokkra mánuði. Á meðan geta börn verið í reiðuleysi. Svo það er lagt til að börn í þessum aðstæðum fái tímabundna skólavist í grunnskólum Hafnarfjarðar hverju sinni búi þau í Hafnarfirði og komi óskir um slíkt til sveitarfélagsins eða í kjölfar afskipta barnaverndaryfirvalda. Það er gert út frá sjónarmiðum í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að öll börn eigi rétt á menntun þótt lög um grunnskóla hafi ekki tekið afstöðu til þessarar stöðu sem vísað er til.

4. Skólavöktun

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008er skólaskylda á Íslandi og bera foreldrar ábyrgð á því að börn sín sæki skóla:

■ 3. gr. Skólaskylda.

- Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.
- Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Þá er einnig fjallað um þessar forsjárskyldur foreldra gagnvart börnum sínum í barnalögum, nr. 76/2003:

■ 28. gr. [Almennt um inntak forsjár.

- Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það.
- Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.
- Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.
- Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.
- Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirvar barns.
- Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.]¹⁾

Almennt er það álitíð að öll börn á grunnskólaaldri séu í grunnskóla og foreldrar fylgi þeir réttindum eftir. Það er þó engin trygging og því meira sem er um fólksflutninga milli er líklegt að misbrestur geti orðið á skólasókn einstakra barna. Þá er annar angi á þessu máli. Það eru börn með lögheimili á Íslandi en foreldrar búa erlendis því það er ódýrara að lifa þar en á Íslandi, þá sérstaklega tiltaldir öryrkjar og ellilífeyrisþegar. Í einhverjum tilvikum séu börn á grunnskólaaldri á þeirra snærum en enginn veit í reynd hvort þessi börn séu

einhvers staðar í skóla eða ekki. Þau eiga lögheimili á Íslandi en dvelja erlendis af sérstökum fjölskylduaðstæðum.⁴

Það er engin opinber heildarvakt á því hvort börn með lögheimili í einstaka sveitarfélögum á Íslandi séu öll í skóla í samræmi við lög þótt af lögum megi kannski ætla að það sé skylda einstakra sveitarfélaga að fylgjast með því. Lagt er til að hafnafirsku skólavistarreglurnar taki til þessa atriðis og sveitarfélagið staðfesti hér ákveðna eftirlitsskyldu sína í því að öll grunnskólaskyld börn í sveitarfélaginu fari í grunnskóla sem er á ábyrgð skólanefndar sveitarfélags.

Tillaga að breytingum á skólavistarreglum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar haustið 2019 út frá þeim sjónarmiðum sem hafa verið viðruð í minnisblaðinu hér frammar. Lagt er til að tvær nýjar greinar bætist við reglurnar (og sömuleiðis að *skrifstofa fræðslu- og frístundþjónustu* verði breytt í *skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs* í reglunum sökum breytingar á skipuriti bæjarins frá 1. september 2019):

13. gr. Álitamál

Leiðbeinandi sjónarmið almennt til foreldra og skóla varðandi skólavist eru þessi:

Nemandi getur aðeins gengið í einn grunnskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn búi skiptri búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá er hjá foreldrum.

Barn sem hefur búsetu í Hafnarfirði án þess að hafa lögheimili á Íslandi skal að öllu jöfnu sækja skóla og fá þjónustu út frá búsetu sinni.

Börn sem eiga lögheimili í Hafnarfirði en dvelja erlendis yfir lengri tíma skulu að öllu jöfnu sækja skóla í viðkomandi landi. Í sumum tilvikum er mögulegt að veita undanþágu á skólasókn frá grunnskólum Hafnarfjarðar þótt dvalið sé í útlöndums vegna sérstakra aðstæðna eins og tímabundin dvöl, ekki er um fasta búseta erlendis að ræða og mögulega fleiri atriði. Um slíkt skal sótt til skólastjóra þess grunnskóla sem nemandi var í áður en hann flutti erlendis.

Barn sem á lögheimili í Hafnarfirði án þess að sækja grunnskóla (er jafnvel erlendis) eða er með sérstaka undanþágu frá skólasókn skal vísað til barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar í samræmi við ástundunarreglur skóla.

14. gr. Skólavistarvöktun

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar er með vöktun á lögheimilisskráningu barna í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Hafnarfirði séu með skólavist á vegum bæjarins, það er í grunnskólum bæjarins eða öðrum skólum sem bærinn hefur samþykkt í tilvikum einstakra barna.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla

⁴ Hér gildir það sama og nefnt var hér að framan um lögheimilislögin. Sveitarfélag getur óskað eftir því við Þjóðskrá að skorað sé á viðkomandi forsjáraðila að skrá lögheimili sitt og lögheimili barns með réttum hætti. Ekki er hægt að skrá lögheimili barns hjá skyldmenni þar sem lögheimili barns á að fylgja lögheimili foreldris.